



Hjúkrunar- og dvalarheimili

23. Stjórnarfundur stjórnar Lundar haldinn á Lundi 21. mars 2016 kl. 13:30.

Mættir: Drífa Hjartardóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Hjalti Tómasson, Þórhalla Guðrún Gísladóttir, Egill Sigurðsson, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð. Bjarni Jón Matthíasson undir lið 1 og Samúel Guðmundsson í síma.

1. Útboðsmál v. viðbyggingar:

Samúel sagði frá samningaviðræðum sem hann hefur átt við verkþjóðanda. Enn á eftir að ganga frá lausum endum. Samþykkt að ganga til samninga við Smíðanda með fyrirvara um uppfyllt ákveðin skilyrði um tryggingar og geymslufé. Frestur gefinn til 29. mars 2016.

Reynt verður að innheimta áætlaða endurgreiðslu virðisaukaskatts. Ágústi og Margréti falið að vinna að því.

2. Skipulagsskrá vegna gjafasjóðs

Skipulagsskrá hefur verið yfirfarin hjá sýslumanni með breytingum á orðalagi. Skipulagsskráin lesin yfir, uppfærð miðað við daginn í dag, staðfest og undirrituð.

3. Önnur mál:

- a. Lundur fékk í mars úthlutað auka hjúkrunarrými til að koma til móts við flæðisvanda Landspítala, rýmið er til frambúðar.
- b. Aðstandendur Sigríðar Guðmundsdóttur íbúa á Lundi gáfu 100. 000 kr. inná gjafasjóðinn til minningar um hana.
- c. Ásmundur Friðriksson færði Lundi á dögnum 50" flatskjá með festingu til að hafa í setustofu á hjúkrunardeild. Gjöfin er af tilefni 60 ára afmælis hans þar sem hann lét gjafir renna til góðgerðarmála.

Fundi slitið kl. 14.45.

Drífa Hjartardóttir
Hjalti Tómasson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Egill Sigurðsson
Bjarni Jón Matthíasson

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir